



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Íslandsmeistaramótið 1985

Fyrsta Íslandsmeistaramótið í karate var haldið 13. apríl í Íþróttahúsinu Ásgarði, Garðabæ. Til leiks voru skráðir 59 keppendur frá 8 félögum.

Keppt var í kata unglinga, kvenna og karla, og í kumite kvenna (opinn flokkur) og karla (4 þyндarflokkar og opinn flokkur).

Undanrásir fóru fram á 2 völlum en undanúrslit og úrslit á einum.

Mótstjóri var Hannes Hilmarsson en undirbúningur mótsins var í höndum mótanefndar undir forystu Hjalta Kristjánssonar.

Aðaldómari var Stefán Alfreðsson og honum til aðstoðar voru Sigþór Markússon, Helgi Briem Magnússon, Andrés Hafliðason, Bjarni Jónsson og Elís Kjartansson.

Mótið sýndi að töluvert skorti á reynslu til mótahalds. Lenti því mikil vinna á fáum einstaklingum, sem urðu að gefa leiðbeiningar og vera allt í öllu sem gerðist á mótinu. Einnig kom í ljós reynsluleysi meðal dómara, en það er brýnt hagsmunamál fyrir keppendur í karate að þeim málum verði kipt í lag sem fyrst.

Að öðru leiti sýnir mótið að við eigum marga góða keppendur og breiddin er orðin mikil meðal þeirra. Lítið var um meiðslí og dagskráin gekk vel fyrir sig. Mótið vakti og töluverða athygli og var þess getið í öllum stærstu dagblöðunum, útvarpi og sjónvarpi.

	Gull	Silfur	Brons
Karatefélag Reykjavíkur	6	3	3
Þórshamar	1	5	4
Breiðablik	2	0	0
Gerpla	0	1	1
Stjarnan	0	0	1
Selfoss	0	0	0
Baldur	0	0	0
Bessastaðahreppur	0	0	0

Stefán Alfreðsson

Úrslit urðu:

Kata unglinga:

1. H. Narfi Stefánsson, Þórshamar
2. Maris Jochumsson, Þórshamar
3. Kristjana Sigurðardóttir, Gerpla
4. Jón H. Steingrímsson, Gerpla

Kata karla:

1. Atli Erlendsson, KFR
2. Árni Einarsson, KFR
3. Karl Gauti Hjaltason, Þórshamar
4. Karl Sigurjónsson, Þórshamar

Kata kvenna:

1. Jónína Olesen, KFR
2. Kristín Einaradóttir, Gerpla
3. Marie Stefánsdóttir, Stjarnan
4. Elín Eva Grímsdóttir, Þórshamar

-65 kg kumite karla:

1. Árni Einarsson, KFR
2. Karl Sigurjónsson, Þórshamar
3. Vicente Carrasco, KFR
- 4.

-70 kg kumite karla:

1. Atli Erlendsson, KFR
2. Sigurjón Gunnsteinsson, KFR
3. Bjarni Kristjánsson, KFR
- 4.

-80 kg kumite karla:

1. Jóhannes Karlsson, KFR
2. Víkingur Sigurðsson, Þórshamar
3. Gísli Klemensson, Þórshamar
4. Konráð Stefánsson, KFR

+80 kg kumite karla:

1. Ævar Þorsteinsson, Breiðablik
2. Karl Gauti Hjaltason, Þórshamar
3. Magnús Blöndal, Þórshamar
4. Þorsteinn Blöndal, Þórshamar

Kumite karla (opinn flokkur):

1. Ævar Þorsteinsson, Breiðablik
2. Atli Erlendsson, KFR
3. Árni Einarsson, KFR
4. Gísli Pálsson, Breiðablik

Kumite kvenna:

1. Jónína Olesen, KFR
2. Elín Eva Grímsdóttir, Þórshamar
3. Sigrún Guðmundsdóttir, Þórshamar
4. Kristjana Sigurðardóttir, Gerpla